



Reykjavík 22. júlí 2022

## Samkomulag um að ljúka máli með sátt

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir fjármálaeftirlitið) hefur haft til meðferðar mál Frjálsa lífeyrissjóðsins (hér eftir málsaðili) um hvort málsaðili hafi brotið gegn 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu (hér eftir luf.) með því að tilkynna ekki um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Reitum fasteignafélagi hf. (Reitir) innan lögbundins tímafrests.

Með tölvubréfi dags. 11. febrúar 2022 lýsti málsaðili vilja til að ljúka málinu með sátt við fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið telur málið upplýst og forsendur til að ljúka málinu með samkomulagi um sátt við málsaðila.

### I. Málsmeðferð

Málsaðili sendi fjármálaeftirlitinu tölvubréf 4. janúar 2022. Meðfylgjandi tölvubréfinu var tilkynning málsaðila um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í Reitum vegna viðskipta sem áttu sér stað 17. nóvember 2021. Í tölvubréfinu sagði enn fremur að mannleg mistök hafi valdið því að tilkynning var ekki send vegna viðskiptanna fyrr en á þeim tímapunkti. Fjármálaeftirlitið óskaði með tölvubréfi 7. febrúar 2022 eftir frekari upplýsingum um í hverju mistökin hafi falist og til hvaða ráðstafana málsaðili hafði gripið til að koma í veg fyrir að slík mistök endurtaki sig. Þar var jafnframt óskað eftir afstöðu málsaðila til þess hvort hann óskaði eftir að ljúka málinu með sátt. Málsaðili svaraði með tölvubréfi 10. febrúar s.á. Þar komu fram frekari skýringar á umræddum mistökum og lýsing á þeim ráðstöfunum sem málsaðili hafði gripið til til að koma í veg fyrir að umrædd háttsemi endurtaki sig. Málsaðili óskaði jafnframt eftir sátt í málinu.

### II. Málsatvik og lagagrundvöllur

Hinn 17. nóvember 2021 seldi málsaðili 500.000 kr. að nafnvirði í Reitum, en fyrir átti málsaðili 39.322.080 kr. að nafnvirði, eða um 5,05% af útgefnu hlutafé. Við söluna fór eignarhlutur málsaðila niður í 38.822.080 kr. að nafnvirði, eða sem nam 4,99% af útgefnu hlutafé. Málsaðili sendi flöggunartilkynningu til Reita og fjármálaeftirlitsins vegna framangreindra viðskipta 4. janúar 2022.

Eigandi, sem aftar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%, sbr. 1. mgr. 12. gr. luf. Tilkynninguna skal senda án tafar og eigi síðar en fjórum viðskiptadögum eftir að flöggunarskyldan stofnaðist, sbr. 1. mgr. 21. gr. luf.

Í málinu liggur fyrir að við framangreind viðskipti málsaðila hinn 17. nóvember 2021 fór eignarhlutur hans í Reita undir 5%. Því var málsaðila skylt að tilkynna um breytingar á eignarhaldi til Reita og fjármálaeftirlitsins í síðasta lagi 23. nóvember 2021. Aftur á móti sinni málsaðili ekki þeirri skyldu fyrir en 4. janúar 2022 eða 42 dögum eftir að fyrrgreindum tímafresti lauk. Að mati fjármálaeftirlitsins hefur málsaðili gerst brotlegur við 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. luf. með því að hafa látið hjá líða að senda ofangreindar tilkynningar innan lögmæltra tímafresta.

### III. Niðurstaða

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með þeirri háttsemi sem lýst er að ofan gerst brotlegur við 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. luf.

Brot á 1. mgr. 21. gr. luf. getur varðar stjórnvaldssekt, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 43. gr. luf. Samkvæmt 4. mgr. 43. gr. luf. skal við ákvörðun stjórnvaldssekta tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið lengi, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings eða taps sem forðað var með broti, taps þriðja aðila af brotinu að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 1,65 milljarða króna, en geta þó verið allt að 5% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykka ársreikningi lögaðilans eða 5% af síðasta samþykka samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 43. gr. luf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögunum með sátt með samþykki málsaðila, sbr. 45. gr. luf. Miðað er við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármáلامarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eiganda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hvaða aðilar eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun hans.

Þá tók sektarfjárhæðin enn fremur mið af því hversu langur tími leið frá því að tímafresti til að senda umræddar tilkynningar lauk og þangað til málsaðili sendi flöggunartilkynningarnar. Til lækkunar á sektarfjárhæð horfir að málsaðili átti frumkvæði að því að tilkynna um brotið til fjármálaeftirlitsins og hefur þegar gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir að sambærilegt brot geti átt sér stað. Þá horfir enn fremur til lækkunar sektarfjárhæðar að málsaðila hefur ekki áður verið gerð sekt vegna brots gegn ákvæðum laga á fjármáلامarkaði.

Með hliðsjón af framangreindu, eðli og umfangi brots, sjónarmiðum málsaðila, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt

við upphaf athugunar, er málsaðila hér með boðið að ljúka málinu með sátt og til greiðslu sektar að fjárhæð 1.200.000 krónur til ríkissjóðs.